Ber skólastjóra að taka tafarlaust til meðferðar mál af þessu tagi og vísa til menntamálaráðuneytisins, ef um alvarleg eða ítrekuð brot er að ræða.

Á skemmtunum skólans gilda þær reglur, er skólastjórn setur, og eru í samræmi við fyrirmæli menntamálaráðuneytisins.

40. gr.

Um önnur þau mál, sem skólastjórn telur að flokkist til reglu og aga, setur hún sérreglur. Sama gildir, ef talin er þörf á nánari ákvæðum en að framan getur. Leita skal staðfestingar menntamálaráðuneytisins á slíkum reglum.

41. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt heimild í lögum nr. 67/1966, um vélstjóranám, og öðlast þegar gildi. Jafnframt fellur úr gildi reglugerð um Vélskóla Íslands nr. 200/1974.

*Menntamálaráðuneytið, 6. janúar 1982.*

**Ingvar Gíslason.**

*Birgir Thorlacius.*

21. janúar 1982. Nr. 8.

# AUGLÝSING

## um niðurfellingu aðflutningsgjalda af ýmsum vörum til nota í flugvélum eða í beinum tengslum við þær.

1. gr.

Ráðuneytið hefur ákveðið að fella niður aðflutningsgjöld, þ. e. toll og sérstakt tímabundið vörugjald, af þeim vélum, tækjum, fylgihlutum og viðgerðarefnum sem flokkast í eftirtalin tollskrárnúmer skv. 1. gr. laga nr. 120/1976 um tollskrá o. fl. með áorðnum breytingum:

| Tollskrárnr. | Vöruheiti |
|---|---|
| 27.10.81 | Smurningsolía, þ. á m. háhitasmurningsolía. |
| 27.10.89 | Háþrýstivökvi. |
| 28.35.00 | Mólýbden dísúlfíd duft. |
| 28.54.00 | Tvíildi. |
| 29.02.20 | Arklone P, L og E. Hreinsiefni fyrir ýmis nákvæmnistæki flugvéla, sem hreinsuð eru í þar til gerðum vélum. |
| 29.04.20 | Ísóprópylalkóhól (ísvarnarvökvi). |
| 29.04.50 | Etylenglykol (ísvarnarvökvi). |
| 32.12.00 | Súrþéttiefni; þéttiefni, t. d. Epocast og kísilefnablanda. |
| 34.02.05—09 | Yfirborðsvirk hreinsiefni, t. d. Alkaline 280, Ardrox og Cee Bee. |
| 34.05.01 | Flugvélabón, t. d. Jove Wadpol. |
| 35.06.01 | Lím til flugvélaviðgerða. |
| 36.04.00 | Hvellhettur fyrir slökkvitæki. |
| 36.08.00 | Hylki með eldfimum efnum vegna lóðninga. |
| 37.01.01 | Röntgenfilmur (Crystallex Films, Microtex Films). |
| 38.17.00 | Slökkviefni. |

| Tollskrárnr. | Vöruheiti |
|---|---|
| 38.19.10 | Hvatar. |
| 38.19.31 | Háþrýstivökvi, t. d. Skydrol. |
| 38.19.36 | Herðar. |
| 38.19.49 | Framkallari vegna röntgenskoðunar. |
| | Rakasalt. |
| | Magnaglo efni (Dry Concentrate) til notkunar við leit að sprungum með seguláhrifum. |
| 39.01.29 | Fenóplast (Phenolic Microballons). |
| 39.01.61 | Pólyúretan. |
| 39.02.13 | Teflonpípur. |
| 39.07.35 | Bréfamöppur fyrir vinnuskjöl frá framleiðendum flugvéla, enda merktar þeim, t. d. Boeing o. s. frv. |
| 39.07.47 | Ljósskýlur (Lens) úr plasti fyrir flugvélar. |
| 39.07.63 | Plastrúður, sérstaklega gerðar fyrir flugvélar. |
| 39.07.76 | Plastvörur til tækninota í flugvélum. |
| 39.07.99 | Plötur úr plasti með áletrun, t. d. upplýsingum um hvar neyðarútgangur sé. |
| 40.09.09 | Slöngur úr gúmmíi. |
| 40.11.30 | Hjólbarðar fyrir flugvélar, nýir. |
| 40.11.50 | Slöngur fyrir flugvélahjólbarða. |
| 40.11.69 | Sólaðir hjólbarðar fyrir flugvélar. |
| 40.14.04 | Þéttingar, t. d. í háþrýstitæki og mæla, fyrir hemla, glugga og hurðir í flugvélum. |
| 40.14.05 | Vörur úr gúmmíi til tækninota í flugvélum. |
| 42.02.49 | Plastpokar til hlífðar björgunarvestum í flugvélum, enda sérstaklega auðkenndir, t. d. með áletruninni „LIFE VEST". |
| 42.04.00 | Vörur úr leðri til tækninota í flugvélum. |
| 45.04.03 | Þéttingar úr korki, t. d. fyrir ýmiss konar skoðunarlúgur í flugvélum. |
| 48.18.00 | Bréfamöppur fyrir vinnuskjöl frá framleiðendum flugvéla, enda merktar þeim. |
| | Áprentaðar farmiðakápur (Ticket Covers). |
| | Flugvéladagbækur (Aircraft Log). |
| 48.19.09 | Áprentaðir merkimiðar á farangur farþega (Baggage Tags). |
| | Áprentaðir merkimiðar fyrir gáma og fleiri tegundir flutningsumbúða. |
| 49.06.00 | Tæknilegir uppdrættir. |
| 49.11.11 | Prentað mál, t. d. sérfræðilegir upplýsingabæklingar (Service Bulletins). |
| 49.11.29 | Óútfyllt prentuð eyðublöð, t. d. farseðlar. |
| 58.02.40 | Gólfteppi, sérstaklega gerð til notkunar í flugvélum. |
| 58.02.60 | Gólfteppi, sérstaklega gerð til notkunar í flugvélum. |
| 62.02.89 | Gluggatjöld, sérstaklega gerð til notkunar í flugvélum. |
| 62.05.02 | Björgunarvesti. |
| | Björgunarrennur (Chutes), viðurkenndar sem slíkar fyrir flugvélar. |
| 62.05.19 | Viðvörunarborðar. |
| | Öryggisbelti. |
| | Sætahlífar (Seats Covers) úr eldþolnu efni til notkunar á sætum ákveðinna tegunda flugvéla. |
| 68.06.00 | Hálkuvari (Safety Walk). |
| | Trefjaull (Scotchbrite) með slípiefni. |
| 68.13.01 | Þéttingar í útblásturskerfi flugvéla. |

| Tollskrárnr. | Vöruheiti |
|---|---|
| 68.13.09 | Vörur úr asbesti til tækninota í flugvélum. |
| 68.14.00 | Bremsuborðar fyrir flugvélar. |
| 70.08.00 | Glerrúður, sérstaklega gerðar fyrir flugvélar. |
| 73.14.02 | Öryggisbindivír. |
| 73.20.01 | Tengi, t. d. fyrir háþrýstikerfi í flugvélum. |
| 73.24.00 | Súrefnisflöskur. |
| 73.29.03 | Keðjur, notaðar í stjórnkerfum flugvéla. |
| 73.32.00 | Boltar, rær og skífur, notaðar á fjölmörgum stöðum í flugvélum, t. d. í sambandi við festingu á hjólabúnaði, hæðar- og hliðarstýrum; ennfremur varnaglar, augaboltar, spenniklemmur o. fl. |
| 73.35.09 | Fjaðrir og gormar, notað á fjölmörgum stöðum í flugvélum, t. d. í sambandi við hjóla- og stýrisbúnað o. fl. |
| 73.40.56 | Slönguklemmur. |
| 73.40.59 | Baulur. |
| | Læsingasmellur og krækjur á varningsfestingaböndí flugvélum. |
| 74.03.02 | Öryggisbindivír. |
| 74.08.00 | Tengi í súrefnis- og mælitækjakerfi í flugvélum. |
| 74.15.00 | Boltar, rær, skrúfur, skífur og hnoð, t. d. notað við festingar flugmælitækja. |
| 76.02.01 | Prófílar úr áli. |
| 76.03.09 | Álplötur. |
| 76.04.00 | Álborðar. |
| 76.06.01 | Prófílpípur úr áli. |
| 76.06.09 | Álpípur. |
| 76.07.00 | Tengi í súrefnis- og mælitækjakerfi í flugvélum. |
| 76.16.04 | Hnoð, boltar, skrúfur o. þ. h. úr áli, notað við smíði (samsetningu) flugvéla. |
| 82.03.10—30 | Tengur, gatjárn, pípuskerar, þjalir, skrúflyklar, klippur, sérstaklega gert til viðgerða á flugvélum. |
| 82.04.00 | Handverkfæri ýmiss konar, m. a. dragar (Pullers), sérstaklega gerð til viðgerða á flugvélum. |
| 82.05.00 | Skiptiverkfæri, t. d. í loftbora (til að hnoða, skrúfa o. s. frv.), sérstaklega gerð til viðgerða á flugvélum. |
| 83.01.09 | Lásar, sérstaklega gerðir fyrir flugvélar. |
| 83.02.01 | Dyralokur og lamir, t. d. úr áli, notað m. a. á skoðunarlúgur; stangarlamir. |
| 83.02.09 | Öskubakkar, sérstaklega gerðir fyrir flugvélar. |
| 83.07.02 | Siglingaljós. |
| 83.09.00 | Holhnoð úr áli, notuð við smíði og viðgerðir á flugvélum. |
| 83.14.00 | Plötur með áletrun, m. a. í mælaborð flugvéla, t. d. metacal. |
| 84.06.10—20 | Flugvélahreyflar og hlutar til þeirra. |
| 84.08.10—20 | Þotuhreyflar og skrúfuþotuhreyflar. |
| 84.08.50 | Hlutar til flugvélahreyfla í tnr. 84.08.10—20. |
| 84.10.20<br>84.10.39<br>84.10.41<br>84.10.49 | Háþrýstidælur og eldsneytisdælur í flugvélar. |
| 84.11.12<br>84.11.30<br>84.11.49 | Sogdælur og þjöppur í flugvélar. |

| Tollskrárnr. | Vöruheiti |
|---|---|
| 84.17.23 | Rafmagnskaffivélar og hitunarofnar, fyrir straum og spennu sem notað er í flugvélum. |
| 84.17.29 | Olíukælar í flugvélar. |
| 84.18.22 | Loftsíur í flugvélar. |
| 84.18.29 | Olíusíur í flugvélahreyfla. |
| | Síur með ávirka eiginleika (Alumina). |
| 84.21.00 | Fjarstýrð slökkvitæki í flugvélahreyfla, sérstaklega hönnuð fyrir það hlutverk. |
| | Blástursreinsitæki. |
| 84.22.13—19 | Hlaupakettir og talíur til að lyfta stórum hlutum flugvéla. |
| 84.22.69 | Tjakkar til að lyfta flugvélum og stórum hlutum þeirra. |
| | Sérhannaðir vinnupallar til viðhalds á flugvélum. |
| 84.49.10 | Loftborar, mikið notaðir við viðhald og viðgerð flugvéla, hnoðun o. fl., enda sérstaklega gerðir í því skyni. |
| 84.59.89 | Loftknúinn ræsibúnaður (Auxiliary Power Units), notaður við ræsingu þotuhreyfla. |
| | Rúðuþurrkur fyrir flugvélar. |
| | Hreyfar (Actuators), t. d. til að lyfta og setja niður hjólabúnað, opna og loka hjólhúsi flugvéla o. s. frv. |
| 84.61.01—19 | Lokar og hanar, notaðir t. d. á fjölmörgum stöðum í háþrýstikerfi og eldsneytiskerfi flugvéla. |
| 84.62.00 | Kúlu-, kefla- og nálalegur, notaðar víða í flugvélum, t. d. hjólalegur og legur í jafnvægis-, hæðar- og hliðarstýrum. |
| 84.63.01 | Drifásar, tannhjól, tannhjólasamstæður og áslegur fyrir flugvélar. |
| 84.64.00 | Þéttingar úr málmplötum í sambandi við önnur efni og samstæður af þéttingum úr ýmsum efnum, sérstaklega gerðar fyrir flugvélar eða flugvélahreyfla. |
| 85.01.10—29 | Rafhreyflar með spennu og/eða tíðni sem hæfir flugvélum. |
| 85.01.59 | Hreyfilraflar til nota við ræsingu flugvélahreyfla. |
| 85.01.79 | Spennar til notkunar í flugvélum. |
| | Spennar til nota við ræsingu flugvélahreyfla. |
| 85.01.80 | Afriðlar. |
| 85.03.09 | Rafhlöður fyrir flugvélar. |
| 85.04.10 | Rafgeymar með spennu sem hæfir flugvélum. |
| 85.08.00 | Rafbúnaður, t. d. rafkerfi o. fl. fyrir flugvélahreyfla. |
| 85.12.69 | Rafmagnshitaelement, t. d. til varnar gegn ísmyndun svo og til hitunar á Pitot-pípu fyrir flughraðamæla o. fl. |
| 85.13.20 | Sambyggðir heyrnar- og hljóðnemar fyrir flugáhafnir (Headset). |
| 85.14.10 | Eyrnaskjól með heyrnartæki. |
| | Hljóðnemar. |
| 85.15.11—19 | Radíósendi- og móttökutæki (þ. m. t. neyðarsendar), fyrir flugvélar. |
| 85.15.51—59 | Radíóviðtæki fyrir flugvélar. |
| 85.15.71 | Ratsjár og loftskeytamiðunartæki í flugvélar. |
| 85.15.83—89 | Loftnet fyrir fjarskiptatæki í flugvélum. |
| 85.17.01 | Rafmagnsbrunaaðvörunarkerfi í flugvélar. |
| 85.17.09 | Rafmagnsbúin hljóð- og ljósmerkjatæki fyrir flugvélar, t. d. blikkandi ljós. |
| 85.18.00 | Rafmagnsþéttar í radíó- og ratsjártæki flugvéla. |
| 85.19.11 | Rofar allt að 5 og yfir 30 amper; skiptar og liðar. |
| 85.19.12 | Aðrir rofar fyrir flugvélar, ót. a. |

| Tollskrárnr. | Vöruheiti |
|---|---|
| 85.19.13 | Vör til og með 5 amper. |
| 85.19.16 | Falir, tenglar, klær og tengibúnaður til og með 5 amper og 30—200 amper. |
| 85.19.18 | Annar tengibúnaður fyrir flugvélar, ót. a. |
| 85.19.19 | Tengikassar. |
| 85.19.40 | Viðnám. |
| 85.20.10 | Rafmagnsperur í ýmis lýsingartæki í flugvélum. |
| 85.21.10—20 | Rafeindalampar í ratsjár og radíótæki í flugvélum. |
| 85.21.31 | Ljósnemar. |
| 85.21.32 | Transistorar og díóður. |
| 85.21.40 | Rafeindadvergrásir. |
| 85.21.50 | Uppsettir þrýstirafmagnskristallar. |
| 85.22.20 | Rafmagnshituð affrysti- og daggarþurrktæki fyrir rúður í flugvélum. |
| 85.23.09 | Einangraður rafmagnsþráður, sérstaklega hannaður fyrir rafmagnskerfi, ratsjár og radíókerfi í flugvélum. |
| 85.24.00 | Burstakol til notkunar í ýmis rafmagnstæki fyrir flugvélar. |
| 85.25.10—30 | Einangrarar, t. d. fyrir flugvélaloftnet. |
| 87.14.29 | Farangursvagnar. |
| 87.14.39 | Farþegatröppur byggðar á vagn. |
| 87.14.49 | Hjól fyrir hreyfilstól. |
| 88.03.01 | Hlutar þeir til flugvéla sem samkvæmt athugasemdum við XVII. flokk tollskrár geta fallið undir 88. kafla og teljast ekki til annarra tollskrárnúmera. |
| 89.01.61 | Björgunarbátar, viðurkenndir sem slíkir fyrir flugvélar. |
| 90.02.09 | Linsur í umgerð (stækkandi), t. d. vegna álesturs á lóran og fleiri tæki í flugvélum. |
| 90.14.10 | Áttavitar, sjálfstýritæki, hæðarmælar, lofthraðamælar, stig- og fallmælar, snúðuhallamælar (Artifisical Horizons), beygju- og hallamælar, Mach-mælar, hraðabreytimælar (Accelerometers), allt til nota í flugvélum. |
| 90.16.10—20 | Reikniskífur, hornamælar, míkrómælar, hnoðamælar (Gauge-Rivets), átaksmælar, notaðir sérstaklega í sambandi við viðgerðir flugvéla. |
| 90.18 09 | Súrefnisöndunartæki til nota í flugvélum. |
| 90.22.00 | Tæki til mekanískrar prófunar á styrkleika og þrýstiþoli, t. d. hörkumælar og styrkmælar fyrir dúka vegna flugvélaviðgerða. |
| 90.23.02 | Hitamælar, sérstaklega ætlaðir til notkunar í flugvélum. |
| 90.24.01 | Hitastillar, t. d. til nota í hitakerfi flugvéla. |
| 90.24.09 | Þrýstimælar, t. d. í háþrýstikerfi og fyrir þrýsting andrúmslofts í flugvélum. |
| | Magnmælar og rennslismælar, t. d. fyrir eldsneyti flugvéla. |
| 90.26.09 | Mælar sem sýna t. d. eyðslu eldsneytis o. fl. miðað við ákveðinn tíma eða vegalengd, sérstaklega gerðir fyrir flugvélar. |
| 90.27.01 | Snúningshraðamælar fyrir flugvélar. |
| 90.27.09 | Ýmsir teljarar til notkunar í flugvélum. |
| 90.28.10 | Rafeindatæki til sjálfvirkra stillinga, sérstaklega gerð til notkunar í flugvélum. |
| 90.28.39 | Rafeindamælar fyrir stjórnborð flugvéla. |
| 90.28.50 | Amper- og voltmælar; einnig aðrir rafmagnsmælar fyrir stjórnborð flugvéla, þó ekki rafeindamælar. |

| Tollskrárnr. | Vöruheiti |
|---|---|
| 90.29.09 | Varahlutir í mælitæki sem njóta undanþágu í vöruliðum 90.23, 90.24 og 90.26 til 90.28. |
| 91.03.00 | Klukkur, sérstaklega gerðar fyrir flugvélar. |
| 91.11.00 | Varahlutir í klukkur sem flokkast í tnr. 91.03.00. |
| 92.11.40 | Síritar (Flight Data Recorders) til notkunar í flugvélum. |
| 92.12.19 | Miðlar fyrir sírita til notkunar í flugvélum. |
| 94.01.13 | Sæti í flugvélar. |

**2. gr.**

Vörur þær sem undanþegnar verða tolli og sérstöku tímabundnu vörugjaldi skv. 1. gr. skulu einnig vera undanþegnar sölugjaldi við innflutning.

**3. gr.**

Niðurfelling gjalda skv. 1. og 2. gr. er bundin eftirfarandi skilyrðum:

a) Innflytjandi stundi rekstur, viðgerðir eða framleiðslu á flugvélum í atvinnuskyni. Í vafatilvikum ber innflytjanda að sýna tollyfirvöldum fram á með vottorði viðkomandi skattstofu, að hann hafi haft meirihluta atvinnutekna sinna af slíkri starfsemi næstliðið skattár.

b) Innflytjandi lýsi því yfir í aðflutningsskýrslu að hin innflutta vara verði eingöngu notuð í flugvélum eða í beinum tengslum við þær.

c) Tollyfirvaldi er heimill aðgangur að bókhaldsgögnum sé það talið nauðsynlegt til að ganga úr skugga um hvort verð eða önnur atriði í aðflutningsskýrslum, sölu- eða vörureikningum eða staðfestingargögnum séu eða hafi verið rétt tilgreind.

**4. gr.**

Röng skýrslugjöf eða framlagning rangra eða villandi gagna og röng upplýsingagjöf látin í té í því skyni að fá ívilnun á tolli eða gjöldum samkvæmt ákvæðum auglýsingar þessarar svo og misnotkun ívilnunar sem veitt hefur verið samkvæmt ákvæðum hennar getur m. a. varðað við 63. og 67. gr. laga nr. 59 28. maí 1969 um tollheimtu og tolleftirlit með áorðnum breytingum.

Um meðferð mála vegna brota á reglum þessum fer að hætti opinberra mála.

**5. gr.**

Auglýsing þessi sem sett er samkvæmt heimild í 21. tl. 3. gr. laga nr. 120 31. desember 1976, um tollskrá o. fl., sbr. 3. gr. laga nr. 107 30. desember 1978 um sérstakt tímabundið vörugjald og ákvæði laga nr. 10 22. mars 1960 um söluskatt með áorðnum breytingum, skal öðlast gildi þegar í stað. Jafnframt er úr gildi felld auglýsing nr. 143 1. mars 1977 um sama efni.

*Fjármálaráðuneytið, 21. janúar 1982.*

**F. h. r.**
**Björn Hafsteinsson.**

***Ingólfur Friðjónsson.***